



## AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

**Breyting – Nýtt efnistökusvæði í Stóru-Mástungu**

**05.01.2026**



Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

#### SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 11.12.2025 með athugasemdafresti til: 02.01.2026.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

#### UPPLÝSINGAR

##### SKJALALYKILL

113654-GRG-001-V01

##### HÖFUNDUR

IS

##### RÝNT

AB

**EFNISYFIRLIT**

|            |                                                          |          |
|------------|----------------------------------------------------------|----------|
| <b>1</b>   | <b>INNGANGUR</b>                                         | <b>4</b> |
| <b>1.1</b> | <b>Skipulagsgögn</b>                                     | <b>4</b> |
| <b>2</b>   | <b>FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR</b>                           | <b>4</b> |
| <b>2.1</b> | <b>Landsskipulagsstefna</b>                              | <b>5</b> |
| <b>2.2</b> | <b>Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029</b> | <b>5</b> |
| <b>3</b>   | <b>AÐALSKIPULAGSBREYTING</b>                             | <b>7</b> |
| <b>4</b>   | <b>UMHVERFISMATSSKÝRSLA</b>                              | <b>7</b> |
| <b>4.1</b> | <b>Umhverfispættir og áherslur</b>                       | <b>7</b> |
| <b>4.2</b> | <b>Valkostir og umhverfisáhrif</b>                       | <b>8</b> |
| <b>5</b>   | <b>SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ</b>                 | <b>9</b> |

## 1 INNGANGUR

Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingu á aðalskipulagi er sett inn ný náma í landi Stóru-Mástungu, á svæði fyrir norðaustan bæinn, þar sem landeigandi hefur tekið lítilsháttar af efni til eigin nota. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Með breytingunni er heimiluð allt að 45 þús. m<sup>3</sup> efnistaka á 2 ha svæði.

### 1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með umhverfismatsskýrslu og skipulagsupprætti.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Efnistökusvæðið er skammt norðaustan við bæjartorfu Stóru-Mástungu og er aðkoma af Mástunguvegi um núverandi vegslóða að túnum sem eru í nágrenni við efnistökusvæðið (sjá mynd 1). Landeigandi hefur tekið efni til eigin nota um árabíl en þarna er að finna góða mól á lítt og ógrónu landi. Efnistakan er fjarri allri byggð og kemur því ekki til með að valda nágrönnum óþægindum.

Ekki er að finna náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar. Vistgerðir skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru língresis- og vingulsvist, flagmóavist og grasmóavist sem hafa hátt verndargildi. Víðimóavist og víðimelavist sem hafa miðlungs og lágt verndargildi. Svæðið er, eins og stór hluti Suðurlands, á mikilvægu fuglasvæði. Þar sem landið er lítt gróið eða ógróið er ekki talið að þar sé að finna mikið fuglalíf eða búsvæði fugla og því ekki ástæða til að setja skilmála um efnistöku m.t.t. fugla.

Engar þekktar minjar eru á svæðinu eða í næsta nágrenni þess. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megj áfram og með hvaða skilmálum, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Markmið laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndunar vatnsauðlindarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að breytt stefna hafi áhrif á ástand vatnshlota. Eftirtalin vatnshlot eru á svæðinu:

- Kerlingarfjöll-Hreppar. 103-287-G. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott. Hvort tveggja er óþekkt.
- Kálfá 2. 103-586-R. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt ástand sé mjög gott, efnafræðilegt ástand gott og að vatnshlotið sé ekki í hættu. Vistfræðilegt ástand er mjög gott en efnafræðilegt ástand óþekkt.



**MYND 1.** Fyrirhugað efnistökusvæði er innan rauða hringins. (Mynd frá Loftmyndum).

## 2.1 Landsskipulagsstefna

Í landsskipulagsstefnu kemur fram að fyrir skipulag í dreifbýli skuli skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands, til landbúnaðar og annarrar nýtingar, byggjast á flokkun landbúnaðarlands.

Skipulag skal draga úr hnignun vistkerfa, vernda kolefnisríkan jarðveg og viðhalda verðmætum landslagsheildum.

Breytt aðalskipulag er metið í samræmi við landsskipulagsstefnu því ekki er verið að ganga á gott ræktunarland eða vel gróið land.

## 2.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029


Svæðið sem breytingin nær yfir er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og í flokkun landbúnaðarlands fellur það í flokk IV, eða lakasta landið sem er lítt eða ekki fallið til ræktunar.

### Stefna fyrir landbúnaðarsvæði

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verða áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.

### Stefna fyrir efnistökusvæði

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúru-minjaskrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.
- Vanda skal frágang efnistökusvæða og aðlaga þau að nærliggjandi umhverfi.



**MYND 2.** Hluti af Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Fyrirhuguð efnistaka er innan rauða hringins.

Breytt aðalskipulag er metið í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi. Svæðið er ekki gott ræktunarland, né nýtur það verndar. Þá styður breytingin við það að nægt framboð sé af efnistökusvæðum.

### 3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Um 2 ha landbúnaðarsvæði er breytt í efnistökusvæði þar sem heimilt er að vinna allt að 45.000 m<sup>3</sup> af efni. Í gildandi aðalskipulagi eru settar fram reglur fyrir efnistöku og efnislosun og gilda þær fyrir svæðið.

Gerð er breyting á greinargerð og skipulagsuppdraetti. Á skipulagsuppdraetti er bætt við efnistöku-svæðinu E59. Í greinargerð er bætt við heimildum fyrir efnistökusvæðið í töflu í kafla 2.3.9.

**TAFLA 1.** Heimildir fyrir efnistökusvæðið E59.

| NR  | HEITI          | LÝSING                                                                                                         | MAGN M3 (ALLT AÐ) | STÆRÐ HA (ALLT AÐ) | FLOKKUR FRAMKVÆMDA SKV. LÖGUM NR 111/2021 | JÖRÐ           |
|-----|----------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|--------------------|-------------------------------------------|----------------|
| E59 | Stóra-Mástunga | Malarnáma. Vanda skal umgengni á vinnslutíma og að vinnslutíma loknum skal aðlaga svæðið að landinu umhverfis. | 45.000            | 2,0                | -                                         | Stóra-Mástunga |

### 4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Gerð er grein fyrir líklegum áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Mat á áhrifum nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða með mótvægisáðgerðum.

#### 4.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu eru skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 2.

**TAFLA 2.** Umhverfispættir, viðmið og helstu matsspurningar.

| UMHVERFISÞÁTTUR                                                                                   | UMHVERFISVIÐMIÐ                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | MATSPURNINGAR                                                                                                                                                                                        |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Land og landslag</b><br><i>Landslag.</i><br><i>Jarðmyndanir.</i><br><i>Ásýnd og yfirbragð.</i> | Stefna í aðalskipulagi.<br><ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla er á góða umgengni efnistökusvæða á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.</li> </ul> Landsskipulagsstefna.<br><ul style="list-style-type: none"> <li>Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulags-ákvörðunum.</li> </ul> Lög um náttúruvernd, einkum 61. gr. | Hefur stefnan áhrif á landslag?<br>Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir?<br>Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?<br>Hefur stefnan áhrif á nýtingu landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu? |
| <b>Gróður og dýr</b><br><i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i><br><i>Dýr og búsvæði þeirra.</i>         | Stefna í aðalskipulagi.<br><ul style="list-style-type: none"> <li>Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar.</li> </ul> Landsskipulagsstefna.                                                                                                                                                                                                      | Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?<br>Hefur stefnan áhrif á dýr eða búsvæði dýra?<br>Hefur stefnan áhrif á ræktunarmöguleika?                                                                |

| UMHVERFISÞÁTTUR                                                         | UMHVERFISVIÐMIÐ                                                                                                                                                                                        | MATSSPURNINGAR                                                 |
|-------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------|
|                                                                         | <ul style="list-style-type: none"> <li>Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.</li> </ul> Lög um náttúruvernd, einkum 61. gr. |                                                                |
| <b>Heilbrigði</b><br><i>Mengun og hávaði.</i><br><i>Umferðaröryggi.</i> | Landsskipulagsstefna. <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla er á góða umgengni efnistökusvæða á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.</li> </ul>                                      | Er hætta á mengun, hávaða eða ónæði vegna stefnu skipulagsins? |
| <b>Náttúru- og menningarminjar</b><br><i>Fornminjar.</i>                | Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja.</li> </ul>                                                                              | Hefur stefnan áhrif á minjar?                                  |
| <b>Samfélag</b>                                                         | Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla er á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.</li> </ul>                                     | Hefur stefnan áhrif á framboð efnistökusvæða?                  |

## 4.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Á svæðinu er að finna mól sem hentar til ýmis konar framkvæmda og hefur landeigandi notað efnið undanfarin ár. Vegslóði liggur að svæðinu og hefur landeigandi nýtt hann til að komast um land sitt. Svæðið er lítt eða ógróið. Aðeins eru bornir saman tveir valkostir:

- Stefna í breyttu skipulagi. Heimiluð er allt að 45.000 m<sup>3</sup> efnistaka á allt að 2,0 ha svæði.
- Stefna í gildandi skipulagi. Svæðið verður áfram landbúnaðarland.

### Áhrif af stefnu í breyttu skipulagi

**Áhrif á land og landslag eru óveruleg.** Svæðið er fjarri byggð og verður lítt eða ekki sýnilegt frá næstu bæjum og helstu ferðaleiðum. Óveruleg áhrif á landslag því efni hefur verið nýtt undanfarin ár og ræktað land er í nágrenninu. Um er að ræða lakasta landbúnaðarlandið og því engin áhrif á nýtingu lands til matvælaframleiðslu. Engar þekktar jarðmyndanir.

**Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg.** Efnistökusvæðið er á lítt eða ógrónu svæði fjarri vegum og búsetu á nágrennajörðum. Skv. vistgerðarkortlagningu finnast vistgerðir með hátt verndargildi, þrátt fyrir að svæðið sé lítt gróið. Vegna þess hve gróður er rýr er ekki talið að þar sé að finna mikið fuglalíf eða að svæðið sé mikilvægt búsvæði dýra. Svæðið hentar ekki til ræktunar sökum rýrs jarðsvegs.

**Áhrif á heilbrigði eru óveruleg.** Umferð eykst eitthvað vegna aksturs með efni. Ekki eru taldar líkur á mengun og áhrif vegna hljóðvistar verða einkum á landeiganda.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óverulegar.** Engar þekktar minjar er að finna.

**Áhrif á samfélag eru jákvæð** því framboð á efnistökusvæðum eykst.

### Áhrif af stefnu í gildandi skipulagi

**Áhrif á land og landslag eru óveruleg.** Búast má við að landeigandi taki áfram efni til eigin nota.

**Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg.** Skv. vistgerðarkortlagningu finnast vistgerðir með hátt verndargildi, þrátt fyrir að svæðið sé lítt gróið. Vegna þess hve gróður er rýr er ekki talið að þar sé að finna mikið fuglalíf eða að svæðið sé mikilvægt búsvæði dýra.

**Áhrif á heilbrigði eru óveruleg.**

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óverulegar.** Engar þekktar minjar er að finna.

**Áhrif á samfélag eru óveruleg.**

#### Niðurstaða

Breytingin er í samræmi við stefnu í gildandi skipulagi um að á hverjum tíma sé nægt framboð efnistökusvæða í námunda við notkunarstað efnis. Svæðið er ekki gott landbúnaðarland, er fjarri allri byggð og landeigandi hefur nýtt efnið um árabíl til eigin nota. Því er sveitarfélagið hlynnt breytingunni og telur hana hafa óveruleg og jákvæð áhrif á umhverfispætti.

## 5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagstillögu er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Skipulagstillaga verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrestr.


Líklegt er að aðalskipulagsbreyting verði kynnt í byrjun árs 2026, auglýst á vormánuðum og taki gildi næsta haust.

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við skipulagslýsingu og aðalskipulagsbreytingu:


- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin

# Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

## Nýtt efnistökusvæði í Stóru-Mástungu



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRATTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRATTUR

### SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Verslun- og þjónusta
- Tengivegir
- Aðrir vegir til skýringar
- Slóðar
- Reiðleiðir
- Ljósleiðari
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsból
- Friðlýstar fornminjar
- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Landbúnaðarland flokkur I og II
- Svæði breytingar

Aðalskipulagsbreyting þessi var kynnt og auglýst skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun

Aðalskipulagsbreytingin öðlaðist gildi með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda




Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Nýtt efnistökusvæði í Stóru-Mástungu

Verk: 113654  
Blaðstærð: A4

Unnið: IS  
Rýnt: GAL

Mælikvarði: 1:50.000  
Breytt dags:

Dags: 05.01.2026



Skipulagsgögn:  
Greinargerð með umhverfismatsskýrslu og uppdætti.